



DAGSKRÁ FÉLAGSINS

FIMMUDAGUR // 24. mars

20:00 -

OPNUNARTEITI FÉLAGSINS

Arkitektafélag Íslands, Félag íslenskra landslagsarkitekta og Félag húsgagna og innanhússarkitekta opna formlega sinn vettvang. Hefst kl. 20:00.

Arkitektafélag Íslands opnar sýninguna Ferlið - sýningu arkitekta.

Félag íslenskra landslagsarkitekta opnar sýninguna Snortið landslag.

Félag húsgagna og innanhússarkitekta opnar húsgagna-sýninguna 10+

Íslenskir framleiðendur:

Á. Guðmundsson, Sóló húsgögn og Syrusson hönnunarhús opna sýningu sína.

FÖSTUDAGUR // 25. mars

Opið 11:00 - 23:00

20:00 - 20:45

KVIKMYND:

Borghildur, sjálfstætt starfandi rannsóknarhópur innan Listaháskóla Íslands, sýnir kvikmynd sína Borgaralega hegðun.

Laugardaginn 26. mars

17:00 - 19:00 - Klapparstíg 16, 1.hæð

OPNAR VINNUSTOFUR:

Verið velkomin á vinnustofur okkar. Færlið teymi vörühönnuða, Skyggni Frábært teymi arkitekta, Borgarmynd teymi arkitekta og grafískra hönnuða ásamt bókhaldsfyrirtækinu Hagsýn.

* Prentið út og takið með ykkur

LAUGARDAGUR // 26. mars

Opið 11:00 - 17:00

13:00 - 13:45

SPJALL OG RÝNI - 10+ HÚSGAGNASÝNING:

Elisabet V. Ingvarsdóttir hönnunarsagnfræðingur leiðir umræður um sýninguna. Umræðan er byggð á sýningunni en snýst um bakgrunninn og söguna, nútíð og framtíð. Þátttakendur í umræðunni eru Dóra Hansen innanhússarkitekt og sýningarstjóri 10+ ásamt öðrum hönnuðum sem taka þátt í sýningunni. Spjallið fer fram á sýningarsvæði 10+.

13:45 - 14:30

FYRIRLESTUR:

AF arkitektar fjalla um hönnun sína á FMOS - Framhaldsskólunum í Mosfellsbæ en í því verkefni er notast við upplýsingalíkan skv. BIM-aðferðarfræðinni.

14:30 - 15:15

FYRIRLESTUR:

Magnús Jenson arkitekt flytur erindið Íbúðin-hugmyndasaga og framtíðarsýn.

15:15 - 16:00

FYRIRLESTUR:

Batterið Arkitektar munu fjalla um hönnunarferil byggingarinnar Active Living Centre sem teiknistofan vinnur fyrir University of Manitoba í Winnipeg í Kanada.

16:00 - 16:45


FYRIRLESTUR:

Miðgarður - 111R
Ástríður Magnúsdóttir og Gunnar Sigurðsson arkitektar kynna endurhönnun á göngustíg sem liggur í gegnum Fellahverfið. Á haustmánuðum 2010 vann Skyggni Frábært greiningar- og hugmyndavinnu með nemendum í Fellaskóla sem notuð er til grundavallar við hönnunina.

SUNNUDAGUR // 27. mars

Opið 13:00 - 17:00

FÉLAGIÐ



24. - 27. mars

Grandagarði 16, 2.hæð

www.honnunarmars.ai.is

Að þessu sinni verður hin lifandi arkitektamiðstöð FÉLAGIÐ staðsett í útgerðarskemmu úti á Granda. Líkt og á síðasta ári er hér um að ræða samvinnu þriggja fagfélaga þar sem boðið verður upp á fjölbreytta dagskrá sem allt áhugafólk um arkitektúr og hönnun má ekki láta fram hjá sér fara. Dagskráin er hlaðin spennandi sýningum og viðburðum og einnig verður hægt að setjast niður á öðruvísi kaffihúsi njóta veitinga, útsýnis og verkanna sem til sýnis verða. Helstu viðburðir eru húsgagnasýningin 10+ með yfir 30 nýjum og spennandi verkum, Ferlið - sýning á vinnuferli arkitekta, Snortið landslag - upplifunarrými landslagsarkitekta, fyrirlestrar og kvikmyndin Borgaraleg hegðun verður sýnd. Einnig munu húsgagnaframleiðendur kynna íslenska hönnun sem er í framleiðslu á dag.

Við bjóðum ykkur að koma og upplifa fjölbreytileikann í arkitektúr á Íslandi í notalegu andrúmslofti.

Hlökkum til að sjá ykkur!

This DesignMarch, the headquarters of the living architectural center, FÉLAGIÐ, will be at the Reykjavik harbour. This years theme is 'Architecture and Industry.' Just like last year, this is a collaboration between three trade unions offering a varied programme, not to be missed by anyone interested in architecture and design. The programme is filled with exciting exhibitions and events. Also, guests are invited to enjoy refreshments at a unique café overlooking the harbour. Among the main events are furniture exhibition 10+, featuring thirty new and exciting pieces; Process- an exhibition of the working process of architects; Touched Landscape-an experiential space created by landscape architects; lectures as well as screening of the film 'Borgaraleg hegðun' ('Civil Behaviour') by students of the Icelandic Academy of Arts. In addition, furniture and material manufacturers will exhibit Icelandic design, which is currently in production. Come join us and experience the diversity in architecture and design in Iceland.

Arkitektafélag Íslands, Félag húsgagna- og innanhússarkitekta og Félag íslenskra landslagsarkitekta.



Hönnunarmars
DesignMarch
24.-27.03 2011



Hönnunarmiðstöð
Iceland Design Centre

STYRKTAÐILAR FÉLAGSINS:

Á. Guðmundsson
Basalt arkitektar
Faxaflóahafnir
MP banki
Litaland
Löndun

Seeds
SkjárEinn
Sóló húsgögn
Syrusson hönnunarhús
Verkfræðingafélag Íslands
VSI

SAMSKIPTI
prentlausnir fyrir skapandi fólk



FRUM



Slippfélagið



ARKÍŚ
arkitektar



Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið




Arion banki



hornsteinar
ARKITEKTAR EHF.





FERLIÐ - SÝNING ARKITEKTA

Sýning Arkitektafélag Íslands í ár er frískleg, fræðandi og með frekar óhefðbundnu sniði.

Fólk upplifir venjulega arkitektúr þegar hann er fullmótaður og risinn í umhverfi okkar eða í formi fullmótaðra tillagna í fjölmiðlum en nú gefst tækifæri á að skyggjast inn í heim arkitekta og skoða það þróunarferli sem liggur að baki fullmótaðu verki. Ferlið – sýning arkitekta gefur áhorfandanum innsýn í undirbúning, hugmyndavinnu og útfærslu á tilbúnni byggingu. Að þessu sinni er það ekki sjálf byggingin sem er aðalatriðið heldur hvernig hún varð til. Allt frá hugmynd til fullmótaðs verks.

Vinnuferlið, hugmyndafræðileg og aðferðafræðileg nálgun arkitektsins er ólík eftir viðfangsefni og hverri stofu fyrir sig. Skissur, teikningar, ljósmyndir, líkön og margs kyns vinnugögn varpa ljósi á það þróunarferli sem hugmynd fer í gegnum til að óðlast þroska og geta orðið að veruleika.

Verkefni sem eru til sýnis eru fjölbreytt og ólík. Bæði er um að ræða byggð og óbyggð verk, byggingar héraðsins sem erlendis auk rannsóknarverkefna. Höfundar eru arkitektar og arkitektanemar sem sameinast í metnaði fyrir byggðu umhverfi okkar.

Þátttakendur og verkefni:

Arkís – Þjóðgarðsmiðstöðin á Hellissandi
Arkiteó / Einrúm – Kvikaskóli
AF arkitektar – FMOS Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ
Hornsteinar arkitektar – Háskólatorg
ARKþing í samvinnu við Arkitema.dk – Menningarhúsið á Akureyri
Borghildur – Borgaraleg hegðun
T.ark – Teiknistofan Arkitektar – Skógarsel
KRADS – Villa G
Batteríð – Active living Centre, University of Manitoba
Skyggni Frábært – Miðgarður 111R

10+ HÚSGAGNASÝNING

FHI kynnrir húsgagnasýninguna 10+ á HönnunarMars 2011.

Sýningin vakti mikla athygli á síðasta ári og ljóst að hún er komin til að vera. FHI, Félag húsgagna og innanhússarkitekta, ákvað því að endurtaka leikinn, með það markmið að gera enn betur en síðast.

Þátttakendur eru úr mörgum hönnunarfélögum en einmitt það gerir sýninguna fjölbreytta og spennandi. Mikill kraftur og hugmyndaauði er í íslenskri húsgagna hönnun um þessar mundir og kynnum við núna til leiks það nýjasta frá hönnuðum landsins. Þátttakendur eru úr fagfélögum arkitekta, vöruhönnuða, innanhússarkitekta, leirlistar, grafískra hönnuða og textílhönnuða samtals 30 sýnendur.

Félag húsgagna og innanhússarkitekta var stofnað árið 1955, er þar með elsta hönnunarfélag á Íslandi. Stofnfélagar FHI voru frumkvöðlar í íslenskri húsgagna hönnun og húsgagnaframleiðslu. FHI hefur mikla trú á íslenskri húsgagna framleiðslu og á sér þá óska að hún eflist og verði stór atvinnugrein.

Markmiðið með 10+ sýningunni er að kynna íslenska hönnun og hvetja til aukinnar framleiðslu á húsgögnum eftir íslenska hönnuði. Hönnun og framleiðsla getur verið hreyfið nýsköpunar.

Sýningarstjóri 10+ er Dóra Hansen
Sýningarstjóri 10+ er Ómar Sigurbergsson.

Þátttakendur:

Arkís arkitektar – Birgir Teitsson – FAÍ
ASKA – Áslaug K. Aðalsteinsd. – FíLA
Birgir Jóhannsson – FAÍ
Bjargey Ingólfssdóttir – Textílfélagið
Bryndís Bolladóttir – Textílfélagið
Dóra Hansen – FHI
Emma Axelsdóttir – FHI
Guðbjörg Magnúsdóttir – FHI
Guðmundur Einarsson – Félag vöru- og iðnhönnuða
Helga Jóhannesdóttir – Leirlistafélagið
Helga Sigurbjarnardóttir – FHI
Jakob Línal – FAÍ
Kristín Guðmundsdóttir og Helga Sigurbjarnardóttir – FHI
HARk – Kristjana M. Sigurðardóttir – FAÍ
Laufey Agnarsdóttir – FAÍ
Ólöf Jakobína Ernudóttir – FHI
Ragnar Þór Arnljótsson – FÍT
Sigga Heimis – Félag vöru- og iðnhönnuða
Sigrún Einarssdóttir – FÍT
Völki – Elísabet og Olga – FÍT
YRKÍ arkitektar – Sólveig Berg – FAÍ
Anna Leoniak – FAÍ
Aðalheiður Dóra Þórofsd. – Félag vöru- og iðnhönnuða
Lísa Kjartansdóttir – FHI
Fanney Long – Félag vöru- og iðnhönnuða
Ari Már Lúðvíksson – FAÍ
Porkell G. Guðmundsson – FHI



SNORTIÐ LANDSLAG

Á HönnunarMars mun Félag íslenskra landslagsarkitekta, FíLA, standa fyrir sýningu í FÉLAGINU þar sem gestum gefst tækifæri á að upplifa margbreytileikann í íslenskum landslagsarkitektúr.

Landslagsarkitektar vinna á breiðu sviði við hönnun og mótn landslags í þéttbýli og dreifbýli. Pennastrikin liggja allt frá fingerðum línun heima í garði til stórgerðra lína í landslaginu. Góð hönnun skapar rammann um lífið á milli húsanna og tengir saman ólíka þætti eins og náttúru, sjálfbærni, byggð, umferð, menningu, leik og afslöppun.

Á sýningunni gefst gestum tækifæri á að kynna fjölbreyttum verkum landslagsarkitekta í litlum upplifunarrýmum sem þátttakendur hafa tekið að sér. Þema hvers rýmis er mismunandi og upplifun gesta breytileg eftir því í hvaða rými viðkomandi er staddur.

Þátttakendur:

ASKA – Áslaug Katrín Aðalsteinsdóttir
Björn Jóhannsson
Dagný Bjarnadóttir
Hornsteinar arkitektar
Landlínur
Landmótun
Reykjavíkurborg, Skipulags- og byggingarsvið



ÍSLENSKIR FRAMLEIÐENDUR

FÉLAGIÐ býður velkomna íslenska framleiðendur á sýningarsvæði sitt úti á Granda.

Íslenskir framleiðendur vilja koma á framfæri nýrri íslenskrri framleiðslu, þar sem ígrunduð hönnun og frábært handbragð, haldast í hendur. Samstarf íslenskra framleiðenda og hönnuða stendur á gömlum merg og er enn að geta af sér ný og sífellt betri húsgögn og innréttingar. Með því að leiða saman framleiðendur og hönnuði og arkitekta aukum við möguleikana á að hugvit og hönnun verði að veruleika í höndum faglegra framleiðsluaðila.

Þátttakendur:

Á. Guðmundsson
Sóló húsgögn og
Syrusson hönnunarhús



KVIKMYNDASÝNING + FYRIRLESTUR

FÉLAGIÐ og Borghildur kynna kvikmyndina Borgarleg hegðun. Þessi kvikmynd sem unnin er af Borghildi hefur hlotið góða dóma og var sýnd fyrir fullu húsi í Bíó Paradís í vetur. Fyrir þá sem ekki náðu að sjá hana þá er það ánægja okkar að geta sýnt þessa mynd á HönnunarMarsinum í ár.

Borghildur er sjálfstætt starfandi rannsóknarhópur innan Listaháskóla Íslands.

Borghildur:

Alba Solís, Auður Hreiðarsdóttir, Gunnhildur Melsted, Helga Hrönn Þorsteinsdóttir og Herborg Árnadóttir.

Borgarleg hegðun verður sýnd í FÉLAGINU, Grandagarði 16 föstudaginn 25. mars kl. 20.00

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
THE ICELAND ACADEMY OF THE ARTS



Kaffibíllinn Opnunartími FÉLAGSINS

Eigendur Kaffibílsins verða með kaffihúsi á HönnunarMarsinum en það eru þau Njáll, Jónína og Hrönn. Öll eru þau þaulreynidir kaffibarþjónar og urðu Njáll og Jónína meðal annars Íslandsmeistarar kaffibarþjóna árið 2004 og 2005. Verið velkomin til þeirra og njótið þess gæðakaffis sem þau framreiða og njótið útsýnins og sýninga FÉLAGSINS með góðan kaffibolla í hönd.